

Sumartónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Guðrún Ingimarsdóttir  
sópran

Heike Matthiesen  
gítar

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum  
The cafeteria is open after the concert

Þriðjudaginn 14. ágúst 2001 kl. 20:30

**Guðrún Ingimarsdóttir** stundaði nám við Söngskólann í Reykjavík undir handleiðslu Elínar Óskar Óskarsdóttur, þaðan sem hún lauk námi árið 1992. Hún hélt til framhaldsnáms til Lundúna þar sem hún var um tveggja ára skeið og árið 1995 hóf hún nám við einsöngvaradeild Tónlistarháskólans í Stuttgart hjá prófessor Sylvíu Geszty og lauk prófi árið 1998. Guðrún hefur tekið þátt í mörgum óperuuppfærslum í Bretlandi og Þýskalandi og meðal hlutverka má nefna Despínu í *Così fan tutte* og *Blondchen* í *Brottnáminu* úr *Kvinnabúrinu* eftir Mozart. Guðrún hefur haldið fjölda tónleika í Bretlandi, Ítalíu og Þýskalandi og sungið með Óperuhljómsveitinni í München, Fílharmóníuhljómsveitinni frá Prag og Útvarpshljómsveitinni í Kattowitz í Póllandi. Guðrún syngur reglulega með Johann Strauss hljómsveitinni í Wiesbaden. Hún tekur einnig virkan þátt í flutningi kirkjutónlistar, í verkum allt frá óratoríum og kantötum eftir Bach og Haydn og C-moll messu Mozarts til verka Arvo Pärts. Árið 1996 vann Guðrún til verðlauna í alþjóðlegu Erika Köth söngkeppninni sem haldin er ár hvert í Þýskalandi. Hún hefur hlotið styrki úr söngvarasjóði Félags íslenskra leikara, úr Menningarsjóði Sparisjóðs Mýrarsýslu. Á síðasta ári voru henni úthlutað listamannalaun til þriggja mánaða.

**Heike Matthiesen**, sem komin er af tónlistarfólki, fæddist í Braunschweig í Þýskalandi og hóf ung að læra á píanó, en skipti fljótlega um hljóðfæri og lærði á gítar við Hochschule í Frankfurt, þaðan sem hún útskrifaðist árið 1993. Hún stundaði framhaldsnám undir handleiðslu Pepe Romero og hefur m.a. sótt tíma hjá Leo Brouwer, Roland Dyens, Manuel Barrueco, David Russell og Alvaro Pierri. Auk þess að koma fram sem einleikari starfar hún við óperurnar í Frankfurt, Darmstadt og Wiesbaden. Hún er vinsæll samleikari við flutning kammertónlistar og hefur hún m.a. leikið með Los Romeros í tónleikaröð Villa Musica í Mainz. Hún hefur komið fram í Japan, Bandaríkjunum, Danmörku, Austurríki og á Spáni, á tónlistarhátíðum m.a. í Schleswig-Holstein og á ýmsum gítartónlistarhátíðum. Fyrsti geisladiskurinn hennar „Sol y luna“ kom út árið 1998, þar sem hún leikur þekkt suður-amerísk lög og einnig hefur hún gefið út geisladisk með verkum eftir Roland Dyens. Einleikur Heike Matthiesen hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda í heimalandi hennar.

## *Efnisskrá*

John Dowland 1562-1626	Come again What if I never speed? Fine knacks for ladies
Mátyás Seiber 1905-1960	<i>Fjögur frönsk þjóðlög</i> Réveillez-vous J'ai descendu Le Rossignol Marguerite, elle est malade
Jorge Morel f. 1931	Danza Brasileira (gítar einleikur)
Jayme Ovalle f. 1894	Modinha Azulão
Paurillo Barroso	Para Niñhar
Heitor Villa-Lobos 1887-1959	Modinha
Fernando Sor 1778-1839	Cesa de atormentare Si dices que mis ojos Mis descuidados ojos
Francisco Tárrega 1852-1909	Recuerdos de la Alhambra (gítar einleikur)
Joaquin Rodrigo 1901-1999	En Jerez de la Frontera Adela De Ronda
Federico Garcia Lorca 1898-1936	<i>Canciones españolas antiguas</i> Anda Jaleo Las Morillas de Jaén Nana de Sevilla La Tarara Sevillanas del siglo XVIII

## Anda Jaleo

Ég klifraði upp í furutré

til að gá hvort ég gæti séð hana.

En allt sem ég sá var rykið frá vagninum sem hún fór með.

Komdu, klöppum saman lófunum.

Hættum þessu veseni og förum að veiða.

Litla dúfa, ekki fara út á engi.

Ég er veiðimaður og ef ég myndi

óvart skjóta þig myndi hjarta mitt bresta.

## Las Morillas de Jaén

Ég heillaðist af þremur mórastúlkum frá

Jaén,

Öxu, Fatímu og Marién.

Þær fóru að tína ólífur en það var búið að

týna þær allar og þær snéru aftur

kvíðafullar.

Þrjár kátar mórastúlkur fóru að týna epli

Ég spurði þær: "Hverjar eruð þið sem

rænið mig lífi mínu?"

Kristnar mórastúlkur frá Jaén.

## Nana de Sevilla

Litli drengurinn á enga mömmu.

Sígaunastúlkann fæddi hann og bar hann út.

Litli drengurinn á enga vöggu.

Faðir hans er smiður,

Hann smíðar fyrir hann vöggu.

## La Tarara

Hún Tarara mín klæðist grænum kjól

með blómum og litlum bjöllum.

Ljósið mitt Tarara, dregur á eftir sér sítt

silkislör

yfir gýsilinn og myntuna.

Ó, villta Tarara, sveiflar mjöðmunum

fyrir strákana í ólífuvinnslunni.

## Sevillanas del siglo XVIII

Lengi lifi Sevilla!

Konurnar frá Sevilla bera skilti sem á

stendur:

Lengi lifi Sevilla!

Lengi lifi Triana og íbúarnir þar!

"Ég er búin að fara út um allt

og hvergi hef ég séð andlit eins og þitt."

Lengi lifi Sevilla!

## Come again

Kom aftur, kæra ást

virðuleiki þinn aftrar gleði minni

að sjá, að heyra, að snerta, að kyssa, að

deyja

aftur með þér í kærleika.

Kom aftur, að sefa mína sorg

í þinni óblíðu fyrirlitningu.

Að sinni, einn og yfirgefinn

ég sit, ég andvarpa, ég græt, ég líð útaf, ég

dey

í dauðans sársauka og endalausri kvöl.

Ljúfa ást, dragðu fram örvar þínar.

Þú getur ei unnið á hjarta hennar.

Grátur minn og tár bæta ekkert

en hún hlær og fagnar sigri.

## What if I never speed?

Á ég að velta mér upp úr eynd og volæði

sem engan skaða getur bætt?

Eða á ég að finna nýja ást?

Og sanna að ég stjórni mínu hjarta.

En ef hún endurgeldur mína ást

mun ást okkar lifa að eilífu.

Komdu, komdu, komdu, komdu á meðan ég

þrái þig.

Komdu, komdu, komdu, komdu því ég mun

elska þig og dá.

Oft hefur mig dreymt um gleði

en aðeins fundið sorgir.

Örlögin hafa leikið mig grátt.

En ástin leitar æ til baka.

Sá sem hefur elskað af sannri þrá

getur ei yfirgefið ástina.

Því ástarguðinn stjórnar hverju hjarta.

Komdu, komdu, komdu, komdu því ég mun

elska þig og dá.

## Fine knacks for ladies

Kvennaskraut í úrvali góðu!

Peninganna virði, en peninga enga á.

Ég sýni sanngjörnum sanngirni.

Betlari þarf ekki að spara ástina.

Þó ég klæðist tötrum er hjartað hreint

Gjafir eru tál og gjöf skal með gjöf gjalda.

Mín léttvæga gjöf er auður í mínum huga.

Einfaldleiki er dýrmætur.

Stundum finnast dýrar perlur í skeljum.

Þiggðu fúlgur af öðrum, en af mér eitt strá.

## Fjögur frönsk þjóðlög:

Vaknaðu fallega svefnpurka,

það er komin dagur.

Littu út um gluggann,

fólkið er að tala um þig.

Fallega stúlkan opnaði hurðina,

gekk hljóðlega út og kallaði:

"Komdu inn heiðursmaður

ef þú elskar mig."

Hin fagra sofnaði í örmum elskhugans.

Hann horfði á hana sofandi og sagði:

"Stjörnurnar tindra og sólin skín,

en augu elskunnar minnar

skína skærar en þau.

Ég fór niður í garðinn minn að tína rósmarín,  
“fallegar Draumsóleyjar dömur mínar.”

Ég hafði ekki náð að týna þrjár greinar þegar næturgali settist á hendina á mér,  
“fallegar Draumsóleyjar dömur mínar.”

Karlmenn eru til einskis nýtir og drengir því síður,  
“fallegar Draumsóleyjar dömur mínar.”  
Hann sagði ekkert um konur.  
En um stúlkur sagði hann margt fallegt,  
“fallegar Draumsóleyjar dömur mínar.”

Næturgali í skóginum,  
villti næturgali,  
kenndu mér tungumál þitt,  
kenndu mér að tala,  
kenndu mér að elska.

Fallega stúlka,  
fólk segir að þú eigir epli,  
epli sem vaxa í garðinum þínum.  
Leyfðu mér fallega stúlka að snerta þau.

Nei, ég leyfi engum að koma við eplin mín.  
Færðu mér tunglið og sólina.  
Þá máttu snerta eplin ur garðinum mínum.

Marguerite er veik, það þarf að sækja lækni.

Læknirinn kom og fyrirskipaði: “Hún má ekki drekka vín.”

"Læknir, farðu til andskotans fyrir að ætla

að banna mér að drekka.  
Ég hef drukkið allt mitt líf og ætla að halda áfram til dauðadags."

### Modinha

Yfir eimannalegu hafinu speglast máninn og vekur upp ástleitnar tilfinningar í hverju hjarta.

Þú getur ekki linað þjáningar þínar trúbador,  
þegar þú stríkur strengi lírunar og syrgir ást þína.

Tælandi augnaráð þitt sefar sálu mína.  
Gefðu mér ást þína og líf mitt verður hamingjuríkt.

### Azulão

Fljúgðu þröstur vinur minn,  
til elskunnar minnar ótryggu.  
Segðu henni að án hennar  
sé líf mitt ófullkomið.

### Para Niñhar

Farðu burt ljóti karl, þetta barn tilheyrir mér.  
Nóttin er hálfnuð og hann er ekki sofnaður.  
Biddu bænirnar og hlustaðu á himnakórinn.

Guð skapaði áræðanlega sjálfan sig þegar hann skop son minn,  
því að hann sendi mér engil af himnum.  
Barnið mitt brosir.

"Hvað dreymir þig þegar þú brosir, ástin mín?"

### Modinha

"Þegar að þú hættir að elska mig dó eitthvað innra með mér.  
Langan veg afneitunar gekk ég, en þú vildir mig ekki."

Það syngur hin sorglega rödd trúbadorsins.

Glaðleg þrái ég þig. En þeir tímar er þú tilheyrðir mér eru liðnir,  
þegar rödd elskunnar minnar mjúkt ástarjátningu mína endurtók.

### Cesa de atormentare

Hættu að kvelja mig grimma minning.  
Þú minnir mig á þá tíma þegar ég var hamingjusöm.  
Ég myndi verða hamingjusöm aftur, ef ég gæti gleymt þessum hamingjustundum.

### Si dices que mis ojos

Ef þú segir að augu mín geti deytt þig, skrifaðu þá, því að ég vil hitta þig.  
Því að ég trúi því að sömu örlög bíði mín, ef ég fæ ekki að sjá þig.

### Mis descuidados ojos

Augu mín litu þig og þú heillaðir mig svo að ég hef ekki fundið neinn til að bjarga mér.  
Augu mín reyna að gleyma því að hafa nokkurn tíma séð þig.

### En Jerez de la Frontera

Í Jerez de la Frontera bjó eitt sinn heiðarlegur malari.  
Til að getað bakað sitt daglega brauð, leigði hann sér myllu til að þreskja kornið.  
Hann var giftur stúlku með rjóða vanga sem

var svo falleg að nýi dómarinn í bænum varð ástfanginn af henni.

Hin glaðlega kona malarans svaraði dómaranum,  
er hann bað hana að endurgjalda honum ást sína:  
"Þú ert fyndinn, örlátur og vissulega heiðursmaður,  
en ég elska malarann minn."

### Adela

Fallega Adela varð ástfanginn af ungum manni sem hét Juan.  
Hún varð veik af ástarsorg þegar hún komst að því að hann var með Dolores vinkonu hennar.

Sorgmædda Adela. Tíminn leið og hún varð náfól og veikburða.  
Og hún vissi að brátt væri líf hennar á enda eins og ástin á Juan.

### De Ronda

Litla rjóða ferskja, af hverju fellurðu ekki til jarðar.  
Ég er búinn að bíða og vona allt mitt líf að geta náð í þig.  
Þú ert svo aðlaðandi skömmin þín.

Ef þú lítur inn í hjarta mitt, mín kæra, muntu finna tvo stiga úr gleri. Upp annan kemur ástin hröðum skrefum,  
niður hinn kemur kærleikur.